

27. Gjöld samkvæmt 19. gr. 2. fjárlaga .. kr.	3 500 000.00		24
28. — — 19. — 3. — .. —	1 500 000.00	kr. 4 508 127.95	7. maí
29. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga —	47 076 075.00	— 154 487 559.91	
Greiðslujöfnuður .....	— 2 665 318.00		
	Kr. 382 138 378.00	Kr. 512 166 273.33	

*Gjört að Bessastöðum, 7. maí 1955.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

## L Ö G

25

7. maí

um breyting á lögum nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað 1. málsl. 2. málsgr. 1. gr. laganna komi:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar, að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík, í Hafnarfirði, á Akureyri, á Siglufirði, í Keflavík og í Vestmannaeyjum, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja. Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar lögin taka gildi.

#### 2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Leyfi til leigubifreiðaaaksturs samkvæmt lögum þessum má einungis ráðstafa eftir reglugerð, sem samgöngumálaráðherra setur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags.

Í reglugerðinni skal ákveðið, að við ráðstöfun slíkra leyfa skuli þeir, sem áður hafa stundað akstur leigubifreiða, sitja fyrir eftir starfsaldri, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði fyrir það girt, að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1955.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.